

**Nd.**

**273. Nefndarálit**

[211. mál]

um frv. til l. um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kvatt á fund sinn Indriða Þorláksson og Lárus Ögmundsson úr fjármálaráðuneyti, Kristján Thorlacius frá BSRB, Elínu Ólafsdóttur frá BK og Birgi Björn Sigurjónsson frá BHMR. Frumvarp þetta er samkomulagsmál fjármálaráðuneytis og BSRB, BK og BHMR. Málsaðilar óskuðu eftir því að meðfylgjandi minnismiði yrði prentaður í nál. til frekari túlkunar á 14. og 17. gr. frumvarpsins.

**Minnismiði**

um verkfallsákvæði í 14. og 17. grein frumvarps til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í framhaldi af framlagningu frumvarpsins hafa fjármálaráðuneytið og fulltrúar BSRB, BHMR og BK, sem að undirbúningi þess unnu, rætt um ákvæði 14. og 17. gr. með tilliti til samúðarverkfalla.

Í 14. gr. frumvarpsins er heimild til verkfalls miðuð við að verkfalli sé beitt til að stuðla að framgangi krafna félags í kjaradeilu. Í 17. gr. eru tilgreindar takmarkanir á beitingu verkfalls með sama hætti og í lögum nr. 80/1938.

Greinar þessar eru að mestu efnislega samhljóða 14. og 17. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Í þeim lögum eru engin sérstök ákvæði um samúðarverkföll en þau hafa engu að síður og þrátt fyrir orðalag 14. gr. þeirra laga verið talin heimil.

Við samningu frumvarpsins var rætt um það efni en svo virðist að ekki hafi legið fyrir ótvíræður sameiginlegur skilningur aðila á heimild til slíkra verkfalla.

Aðilar hafa orðið sammála um að rétt sé að í þessu efni gildi sömu réttarreglur og hjá öðrum stéttarfélögum, sbr. þó sérreglur frumvarpsins um boðun og framkvæmd verkfalls hjá opinberum starfsmönnum. Með hliðsjón af því leggja þeir einnig til að 14. og 17. gr. frumvarpsins verði óbreyttar frá því sem nú er og þar með efnislega hliðstæðar samsvarandi greinum í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Nefndin flytur að beiðni sömu aðila breytingartillögu við 19. gr. á sérstöku þingskjali. Einnig flytur nefndin breytingartillögu við 1. gr. á sérstöku þingskjali og leggur til að frumvarpið verði samþykkt svo breytt.

Alþingi, 10. des. 1986.

Páll Pétursson,  
form., frsm.  
Ólafur G. Einarsson.

Kjartan Jóhannsson,  
fundaskr.

Halldór Blöndal.  
Guðmundur Bjarnason.

Svavar Gestsson.

Friðrik Sophusson.